

Ed.

295. Breytingartillögur

[106. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Ný grein komi, er verði 1. gr. og hljóði svo:

17. gr. laganna orðist þannig:

Sá, sem öðlast bótarétt samkvæmt 15. gr., sbr. 16. gr., á þegar rétt til bóta fyrir þá virka daga umfram 6, sem hann hefur verið atvinnulaus á síðustu 12 dögum virkum. Sé um algert og samfellt atvinnuleysi að ræða í 9 daga virka, getur úthlutunarnefnd ákveðið, að hefjast skuli greiðsla bóta frá og með 7. atvinnuleysisdegi. Hafi hinn tryggði vinnu, eftir að hann hefur öðlzt rétt til bóta, skal við ákvörðun þess dagafjölda, sem greiða skal bætur fyrir, draga frá einn atvinnuleysisdag fyrir hverja þrjá daga, sem hann hefur vinnu.

Hafi hinn tryggði samfellt vinnu í 12 daga, eða 18 daga af síðustu 24 dögum, fellur réttur hans til bóta niður, og þarf hann þá að fullnægja skilyrðum skv. 15. gr., sbr. 16. gr., til þess að öðlast bótarétt að nýju.

Heimilt skal að fella niður eða stytta biðtíma þeirra, sem notið hafa sjúkra- eða slysdagpeninga og verða atvinnulausir, þegar þær greiðslur falla niður.

Atvinnuleysisbætur greiðast ekki fyrir helgidaga og ekki fyrir skemmri tíma en þrjá daga, og engum skal greiða slíkar bætur lengur en 120 daga virka ár hvert.

2. Ný grein komi, er verði 2. gr. og hljóði svo:

18. gr. laganna orðist þannig:

Upphæð atvinnuleysistryggingabóta skal vera hin sama og upphæð slysa- bóta samkv. 3. og 4. mgr. 35. gr. laga nr. 40/1963. Grunnupphæð að viðbættri verðlagsuppbót skal jafnan standa á heilum eða hálfum tug króna.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkv. lögum þessum né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

3. Við 1. gr., er verði 3. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein, er orðist þannig:

Heimilt er að veita atvinnubótasjóði lán samkvæmt grein þessari án sér- stakra trygginga.